

Margrét Bóasdóttir, söngkona og kórstjóri
Stutt erindi á fyrsta málþingi Gígjunnar, landssambands íslenskra kvennakóra,
Í sönghúsinu Domus Vox, föstudaginn 4. mars 2005.

Kvennakórar fyrr og nú.

Kæru söngkonur og gestir

Ég vil byrja á því að óska ykkur til hamingju með þessa glæsilegu heimasíðu og það starf sem að baki liggur.

Það starf sem liggur hins vegar að baki þess sem nú er sýnilegt, er meðal þess sem farið hefur of hljótt - eins og títt er með það sem konur hafa lagt af mörkum.

Ég mun aðeins nefna örfá atriði, en vil nota tækifærið og benda á að það væri verðugt verkefni í til dæmis í sagnfræði að rannsaka sögu kvennakórasöngs á Íslandi.

Þannig er hægt að finna upplýsingar á musik.is, um elsta kvennakór á Íslandi, Erlur í Hafnarfirði sem starfaði á árunum 1918-1923 undir stjórn Friðriks Bjarnasonar, söngstjóra og tónskálds. (1880-1962)

En árið 1915, var haldin Héraðssamkoma á Breiðumýri í Reykjadal í Þingeyjarsýslu, þann 19. Júní. Frá þessari hátíð er til prentuð dagskrá og er eitt atriðið *Söngur*. Í heimild sem Páll H. Jónsson, tónlistarmaður á Laugum í Reykjadal skrifaði niður eftir móður sinni, Aðalbjörgu Jónsdóttur á Mýri í Bárðardal, kemur fram að *Söngurinn* var kórsöngur 15 kvenna, sem eru allar nafngreindar í heimildinni, og söngstjóri var Elísabet Jónsdóttir, tónskáld og prestsfrú á Grenjaðarstað.

Lögin sem þær sungu eru tilgreind og eru þar meðal annars, Kvennaslagur eftir Sigfús Einarsson, Þitt lof ó Drottinn eftir L.v. Beethoven og frumflutt lag Jóns Laxdal, Vakna barn til verka kveður, við texta Páls J. Árdal, hvort tveggja sagt vera flutt í fyrsta sinn.

Fram kemur í frásögn Aðalbjargar að hún ferðaðist ein á hesti sínum frá Mýri í Einarssstaði, tæplega 60 km leið og gat aðeins mætt á eina æfingu, í baðstofunni á Einarssstöðum, kvöldið fyrir hátíðina, og svo um morguninn, en sú æfing var í grasivaxinni laut í hólnum sunnan við samkomustaðinn Breiðumýri.

Í þessum sönghópi voru meðal annars skoska söngkonan Lissý Þórarinsson á Halldórsstöðum í Laxárdal og tvær ömmusystur mínar sem hafa komið ríðandi ofan úr Mývatnssveit, líka um 50 km. leið.

Þess má svo til gamans geta, að meðan á samkomunni stóð – þið tókuð eftir dagsetningunni, 19. Júní 1915,- þá kom símskeyti frá þingmanni héraðsins, um að Alþingi hefði þennan dag samþykkt kosningarétt kvenna.

En í ævisögu Halldóru Briem, sem m.a. var fyrsta íslenska konan sem lærði arkitektúr, sem Steinunn Jóhannesdóttir skráði, (bls. 21.) kemur fram að móðir Halldóru, Valgerður Lárusdóttir, barnabarn Péturs Guðjohnsen, dómorganista, hafði sérlega fallega söngrödd, lærði tónlist hjá móður sinni, KIRSTÍNU Pétursdóttur, og er fengin sem söngkennari að Kvennaskólanum, aðeins 17 ára gömul.

Veturinn 1904-05 er stofnaði við Kvennaskólann- takið nú eftir- Söngfélagið **Gígjan**, og er Valgerður Lárusdóttir kosinn fyrsti formaður og er jafnframt stjórnandi. Um vorið 1905 hélt svo Gígjan sína fyrstu opinberu tónleika.

Þannig að á kvennakóramótinu í vor, sem er fyrsta mótið undir merkjum landssambandsins Gígjunnar, þá er hægt að minnst nákvæmlega eitt hundrað ára afmælis Gígjunnar!

Á síðustu öld -störfuðu margir kórar af þrótti á ýmsum stöðum, þó starfið hafi ekki haldist fram á þennan dag. Langar mig að nefna Kvennakór Sunnukórsins á Ísafirði, undir stjórn Ragnars H. Ragnar, Kvennakór á Húsavík, undir stjórn sr. Friðriks A. Friðrikssonar, Gígjunnar á Akureyri undir stjórn Jakobs Tryggvasonar og Kvennakórinn Lissý í Þingeyjarsýslu sem ég og fleiri stjórnunum.

Ég blaðaði í gegnum möppurnar mínar í gær, þegar ég var að undirbúa þetta, og fann þá talsvert af mjög dýrmætum handskrifuðum nótum sem mér voru gefnar, frá öllum þessum kórum sem ég nefndi.

Sést þar hve mikill metnaður hefur ríkt í verkefnavali, því þarna eru fallegar ljóðapýðingar á glæsilegum kórverkum eftir Mozart, Schubert, Brahms og Schumann og ýmsa fleiri.

Með nútíma tækni er vandalaust að tölvusetja þessa tónlist og er ég viss um að hún verður mörgum fengur, auk þess sem hún minnir okkur á það brautryðjendastarf sem unnið hefur verið víðs vegar um land í gegnum tíðina.

Af nógu væri enn að taka þegar fjallað er um störf kvennakóra, fyrr og nú. Ég hef hér einskorðað mig að mestu við fortíðina, því þann þátt þekkja færri.

En ég vil ljúka máli mínu hér með þekktri tilvitnun í kvæðið Aldamót eftir Einar Benediktsson, þar segir; "Að fortíð skal hyggja ef frumlegt skal byggja, án fræðslu þess liðna sést ei hvað er nýtt".

Með söng og dug formæðra okkar að leiðarljósi verður hinni nýju Gígju ekkert að vanbúnaði að halda merkinu hátt og byggja frumlega til framtíðar.